Nd.

38. Frumvarp til laga

um dýralækna.

Flm.: Sigurður E. Hlíðar.

1. gr.

Dýralæknar skulu sex, tveir í Sunnlendingafjórðungi, tveir í Vestfirðingafjórðungi, einn í Norðlendingafjórðungi og einn í Austfirðingafjórðungi.

Atvinnumálaráðuneytið skipar þá og kveður á um bústað þeirra.

2. gr.

Dýralæknar taka laun úr ríkissjóði samkvæmt launalögum, og að auki gjald fyrir störf sín og ferðir eftir gjaldskrá, er atvinnumálaráðuneytið setur.

3. gr.

Þegar dýralæknir ferðast í þarfir hins opinbera, fær hann úr ríkissjóði 6 krónur í fæðispeninga fyrir hvern dag, sem hann er að heiman, og að því skapi fyrir hluta úr degi.

Ferðakostnaður skal honum endurgoldinn eftir fyrirmælum 4. gr. í lögum 2. febrúar 1894, um aukatekjur, dagpeninga og ferðakostnað sýslumanna, bæjarfógeta o. fl.

4. gr.

Þá er dýralæknar ferðast í þarfir einstakra manna, skal sá, er ferðarinnar beiðist, fá honum ókeypis fararbeina og fæði, eða endurgjalda honum ferðakostnað eftir fyrirmælum 3. gr. þessara laga um ferðakostnað.

5. gr.

Atvinnumálaráðuneytið setur dýralæknum erindisbréf og ákveður í því starfssvið þeirra.

6. gr.

Lög nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og lög nr. 61 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 61 3. nóv. 1915, um dýralækna, og önnur fyrirmæli, er kynnu að koma í bág við lög þessi, eru numin úr gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er ætlazt til:

Í fyrsta lagi, að steypa saman í eina heild þeim lagaákvæðum, sem eru gildandi um skipun dýralækna á Íslandi, þó með þeirri breytingu í 1. gr. frumv., að dýralæknar skulu sex, í stað fimm í gildandi lögum, en sú breyting er gerð hér með hliðsjón af frumvarpi því um fjölgun dýralækna í Vestfirðingafjórðungi, er flutt er að ósk Vestfirðinga á þessu þingi af þingm. Norður-Ísfirðinga, og vænta má, að nái samþykki þingsins.

Í öðru lagi, að staður sé fundinn í íslenzkri löggjöf (sbr. 2. gr. frumv.), er heimili stjórnarráði Íslands að setja gjaldskrá yfir embættisverk dýralækna, á sína vísu eins og gjaldskrá embættislækna.

Hingað til hefir stjórnarráðið ekki getað orðið við ósk dýralækna um staðfestingu gjaldskrár vegna brestandi lagaheimildar, þó að það hafi ekkert fundið við gjaldskrána að athuga að öðru leyti. Er hér um eðlilegt og blábert sanngirnismál að ræða, því öllum ætti að vera það ljóst, að það hefir aldrei verið tilætlun löggjafans, að dýralæknar hefðu engan rétt til endurgjalds fyrir embættisverk sín í þágu einstaklinga, og það því síður, þegar þess er gætt, að dýralæknar eru, samkv. launalögum, settir í lægsta launaflokk allra embættislækna, enda þótt læknisaðgerðir á dýrum séu og verði alltaf miklu ódýrari en tilsvarandi aðgerðir á mönnum.